



Reykjavík, 29. apríl 2026

VEL26040212

ERINDISBRÉF

Starfshópur um innra eftirlit á velferðarsviði

Ábyrgðarmaður:

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Frá því að lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) nr. 88/2021 voru samþykkt hefur áhersla á innra sem ytra eftirlit með veittri þjónustu aukist. Árlega berst fjöldi upplýsingabeiddna frá GEV vegna mála sem eru tilkynnt þangað í formi kvartana eða athugasemda. Þá ber þjónustuveitendum að tilkynna öll alvarleg atvik sem verða í þjónustunni á grundvelli 12. gr. laga nr. 88/2021. Mál af þessum toga eru tímafrek og kalla á vönduð vinnubrögð. Til stendur að GEV gefi út almenn gæðaviðmið um félagslega þjónustu, sem líklega mun verða til þess að kröfur um eftirlit aukast í öllum málaflokkum velferðarsviðs. Einnig er von á útgáfu reglugerðar um innra eftirlit sveitarfélaga frá félags- og húsnæðismálaráðherra. Það er mikilvægt að velferðarsvið bregðist við þessari auknu áherslu á innra eftirlit með skýrum hætti. Styrkja þarf eftirlitshlutverk sviðsins og skilgreina hvernig því skuli háttað. Vinna þarf gátlista og verkferla og hafa yfir að ráða sérfræðingum á sviði innra eftirlits.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að kortleggja innra eftirlit á velferðarsviði og vinna tillögur um hvernig eftirliti skuli háttað.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kortleggja kröfur um innra eftirlit velferðarsviðs samkvæmt ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla.
- Kanna hvernig innra eftirliti er háttað hjá nágrannasveitarfélögum, sambærilegu þjónustustigi hjá ríkinu og systurstofnunum erlendis.
- Kortleggja fjölda eininga á velferðarsviði sem eftirlitið nær til eftir málaflokkum.
- Greina út frá kortlagningunni hverjir fara með eftirlit innan hvers málaflokks og skilgreina hvað í því felst. Greina hver hefur yfirsýn yfir erindi og kvartanir og eftirfylgni með því að úrbætur séu framkvæmdar.
- Teikna upp eftirlitsáætlun í hverjum málaflokki. Þar komi fram tillögur um hvernig eftirlitinu sé best fyrir komið, þ.e. hvar ábyrgð á eftirlitinu skuli liggja og hvernig eftirlitið skuli útfært.
- Greina hvort og hversu mörgum stöðugildum þarf að bæta við starfsemi velferðarsviðs vegna eftirlitsáætlunar.

Starfshópurinn skipa:

Heiðrún Una Unnsteinsdóttir (formaður), skrifstofa stjórnsýslu.

Linda Dögg Hólm, skrifstofa um málefni fatlaðs fólks.



Reykjavík



Hanna María Karlsdóttir, skrifstofa um málefni eldra fólks.
Matthildur Þórarinsdóttir, skrifstofa ráðgjafar (virkni og ráðgjöf).
Halldóra Gyða Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri Keðjunnar (börn og fjölskyldur),
Þyrí Halla Steingrímisdóttir, settur framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Valgerður Kristín Eiríksdóttir, sérfræðingur í teymi árangurs- og gæðamats. Tekur þátt í starfshópnum og heldur utan um verkefnið, fundi og skýrslu með tillögum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópur leiti ráðgjafar aðila innan og utan velferðarsviðs eftir þörfum og því sem kortlagning leiðir í ljós.

Starfstímabil og skil:

29. apríl – 20. júní 2026

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs



Reykjavík